

Mál nr. 29/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: A og B

Sakarmat. Sönnun atvika.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 16. febrúar 2022, ásamt tjonstilkynningu, viðbótarlýsingu frá eiganda B og niðurstöðu Tjónanefndar í máli 38/21.
3. Bréf V1, dags. 17. febrúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem er vátryggð hjá V1, og B, sem er vátryggð hjá V2 á Ægisíðu í Reykjavík. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjonstilkynningu né liggur fyrir tjonaskýrsla frá hlutlausum aðila, eins og arekstur.is eða lögreglunni. Ökumaður bifreiðar B segir í sinni skýrslu að bifreið hans hafi verið í bílastæði fyrir utan veitingastað á Ægisíðu þegar bifreið A hafi verið ekið á bifreið B, en afturendi bifreiðar B hafi náð aðeins út fyrir bifreiðastæðið. Ökumaður B kveður ökumann A ekki hafa viljað kalla til lögreglu. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið eftir Ægisíðu þegar bifreið B hafi verið ekið aftur á bak út úr bifreiðastæði. Vöruflutningabifreið hafi verið lagt í stæði við bifreið B þannig að ekki hafi verið ráðrúm til að beygja frá þegar bifreið B hafi verið ekið aftur á bak. Ökumaður bifreiðar A taldi samkomulag hafa verið milli ökumanna að skila inn tjonstilkynningum til sinna tryggingafélaga.

M telur að alla sök eigi að leggja á bifreið B sem hafi ekið aftur á bak í veg fyrir bifreið A.

V1 telur að atvik málsins séu ósönnuð og gögn réttlæti ekki annað en að skortur á sönnun bitni með sama hætti á ökumönnum. Ef niðurstaða verði sú að framburður ökumanns bifreiðar B verði lagður til grundvallar þá hafi ökumaður þeirrar bifreiðar staðsett bifreið sína út í akstursleið og eigi því að bera ábyrgð á árekstrinum.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A beri sönnunarbyrði um að bifreið B hafi ekið aftur á bak þegar árekstur varð og þar sem það sé ekki sannað verði að rekja árekstur til þess að ökumaður bifreiðar A hafi ekið á bifreið B.

Álit.

Eins og fram kemur í málsatvikum þá liggur ekki fyrir sameiginleg tjonstilkynning frá ökumönnum bifreiða A og B. Ljóst er af þeim upplýsingum sem koma fram hjá ökumönnum að ökumaður bifreiðar A ók eftir akbraut Ægisíðu og ökumaður bifreiðar B sat undir stýri þeirrar bifreiðar þegar árekstur varð. Ágreiningur um atvik þegar árekstur varð er þess eðlis að ekki er unnt að leggja sönnunarbyrði um atvik á annan ökumann umfram hinn. Það hefur þær afleiðingar að atvik teljast ósönnuð og ekki er hægt að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn. Sök skiptist því til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir